

Álit kærunefndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 19. mars 2020 gaf kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu M-31/2019.

I

Álitaefni og kröfugerð

Hinn 10. apríl 2019 bað X, hér eftir álitsbeiðandi, um álit kærunefndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna kaupa á pípulagningaþjónustu af fyrirtækinu Y, hér eftir seljandi. Álitsbeiðandi telur að greiðslukrafa seljanda fyrir verkið sé of há og krefst lækkunar.

II

Málsmeðferð kærunefndarinnar

Með bréfi, dags. 16. apríl 2019, var seljanda gefinn kostur á andsvörum við álitsbeiðninni og var tveggja vikna frestur veittur til að skila þeim. Andsvör seljanda bárust nefndinni 17. apríl 2019. Frekari athugasemdir bárust nefndinni ekki. Með bréfi, dags. 10. febrúar 2020, var aðilum tilkynnt að kærunefndin hefði tekið málið til afgreiðslu.

III

Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda

Í álitsbeiðni kemur fram að álitsbeiðandi hafi óskað eftir þjónustu seljanda vegna stíflaðs vasks á baðherbergi í fasteign álitsbeiðanda. Álitsbeiðandi hafði fyrst samband við seljanda fimmtudaginn 28. mars 2019 með tölvupósti þar sem fram kom að vaskur væri bilaður, stíflueyðir hafi ekki virkað og nú leki frá vaskinum. Þá sagði álitsbeiðandi að vaskurinn væri lengi að tæmast og líti út fyrir að hann sé stíflaður. Í svari seljanda kvaðst hann ætla að mæta að heimili álitsbeiðanda fyrir helgi, en álitsbeiðandi heyrði ekki frá seljanda fyrr en eftir helgina eða þann 2. apríl. Álitsbeiðandi ítrekaði þá beiðni sína um þjónustu seljanda og benti honum á að til stæði að halda veislu helgina eftir.

Seljandi brást skjótt við að sögn álitsbeiðanda og mætti til verksins sama dag klukkan 14.35. Seljandi tilkynnti álitsbeiðanda klukkan 15.39 að settur hafi verið nýr vatnslás og farið með gorm tvo metra inn í lögnina án árangurs. Seljandi hafi því haft samband við stíflupjónustu sem hefur yfir að ráða öflugri tækjum og myndavél. Starfsmaður stíflupjónustunnar kom sama dag klukkan 17 og áttaði sig á því eftir samtál við álitsbeiðanda að vandamálið tengdist niðurfalli sem var fyrir neðan innréttingu á baðherberginu. Álitsbeiðandi hafði í kjölfarið aftur samband við seljanda og benti honum á að gera þurfi gat á innréttinguna til að komast að niðurfallinu og losa stífluna. Degi síðar mætti seljandi aftur til álitsbeiðanda um klukkan 15.30. Um klukkutíma síðar hafði seljandi losað stífluna.

Álitsbeiðanda barst síðar reikningur frá seljanda vegna þjónustunnar sem var að fjárhæð 86.795 krónur. Þar af var krafist greiðslu fyrir sex klukkustunda vinnu að fjárhæð 66.960 krónur, efniskostnaðar að fjárhæð 9.835 krónur og vegna aksturs innanbæjar í tvö skipti samtals 10.000 krónur.

Álitsbeiðandi segir útilokað að seljandi hafi eytt meira en tveimur klukkustundum samtals í fasteigninni og óskaði eftir nánari skýringar frá seljanda. Í svari seljanda tók hann fram að hann kræfist greiðslu fyrir þriggja klukkustunda vinnu hvorn dag auk aksturskostnaðar, enda hafi tekið tíma að keyra á milli staða og fara í verslun til að kaupa efni til verksins. Álitsbeiðandi bauðst til að greiða fyrir fjögurra klukkustunda vinnu til að ljúka málinu, þar af væru tvær klukkustundir vegna ferða innanbæjar. Seljandi hafnaði því að endurskoða

reikninginn og benti álytsbeiðanda á að lágmarksgjald hans væri akstur og þriggja klukkustunda vinna í hvert skipti sem mætt er á verkstað. Seljandi sagði að sama gjald hefði verið rukkað þó hann hefði aðeins verið fimm mínútur á staðnum.

Álytsbeiðandi krefst þess að reikningur seljanda verði lækkaður með hliðsjón af þeirri vinnu sem raunverulega var innt af hendi.

IV

Andsvör seljanda

Í andsvörum sínum tekur seljandi fram að hann hafi skrifað reikning vegna þjónustunnar í samræmi við verðskrá sína. Álytsbeiðandi hefur greitt reikninginn og segir seljandi að málinu sé þar með lokið af hans hálfu. Seljandi bendir á að álytsbeiðandi hafi ekki óskað eftir að sjá verðskrá seljanda eða fá fast verð í verkið heldur hafi álytsbeiðandi viljað fá fljóta og góða þjónustu.

V

Niðurstaða kærunevndarinnar

Kærunevnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álytsbeiðanda og seljanda falli undir valdsvið nevndarinnar, sbr. III. kafla laga nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kærunevnd lausafjár- og þjónustukaupa. Viðskipti aðila falla undir lög nr. 42/2000 um þjónustukaup.

Líkt og að framan greinir tók seljandi að sér vinnu við pípulagnir á heimili álytsbeiðanda vegna stíflu í vaski á baðherbergi. Verkið var unnið á tveimur dögum en seljandi var við störf á heimili álytsbeiðanda í um klukkustund hvorn dag. Seljandi krafðist greiðslu að fjárhæð 86.795 krónur, þar af greiðslu fyrir vinnu í sex klukkustundir. Álytsbeiðandi telur að krafa seljanda sé ekki í samræmi við þá vinnu sem raunverulega var innt af hendi og krefst þess að reikningurinn verði lækkaður.

Kærunevndin telur að 28. gr. laga nr. 42/2000 um þjónustukaup (þkpl.) eigi við í málinu, en ákvæðið er svohljóðandi:

28. gr.

Hafi ekki verið samið um verð fyrir keypta þjónustu skal neytandi greiða það verð sem telja má sanngjarnt með hliðsjón af því hve vinnan er mikil og hvers eðlis hún er.

Ef samið er um vinnu verks miðað við ákveðinn tímafjöld samkvæmt ákvæðinu ræðst verðið af því hversu margir tímar voru í raun unnir. Við mat á því hvort unninn tímafjöldi sé hæfilegur ber að miða við það hvað yfirleitt tíðkast í greininni þegar sambærileg þjónusta er innt af hendi. Ef hátt verð stafar af því að skipulagning verks er ekki forsvaranleg af hálfu seljanda getur neytandi samkvæmt 28. gr. þkpl. neitað að greiða annað en sanngjarnt verð.

Samkvæmt reikningi seljanda er krafist greiðslu fyrir sex klukkustunda vinnu að fjárhæð 66.960 krónur, efniskostnað alls 9.835 krónur og akstur innanbæjar í tvö skipti, samtals 10.000 krónur. Alls eru framangreindir kostnaðarliðir að fjárhæð 86.795 krónur og hefur álytsbeiðandi greitt seljanda þá fjárhæð. Í vinnu seljanda þann 2. apríl fólst að skipta um vatnslás og reyna að losa stíflu án árangurs. Seljandi óskaði í kjölfarið eftir aðstoð frá stífluþjónustu. Degi síðar hafði seljandi fengið upplýsingar um orsök stíflunnar, sem var í niðurfalli undir innréttingu og undir flísum á baðherberginu. Seljandi var í heild um tvær klukkustundir við vinnu á heimili álytsbeiðanda en keyrði einnig milli staða og fór í verslun til kaupa á efni til verksins. Seljandi hefur bent á að lágmarksgjald hvern dag sé fyrir vinnu í þrjár klukkustundir auk akstursgjalds.

Kærunevndin telur ekkert liggja fyrir í málinu sem sýnir fram á að seljandi hafi kynnt álytsbeiðanda verðskrá sína áður eða þegar þjónustan var innt af hendi. Er því ekki unnt að líta

svo á að samkomulag hafi verið milli aðila um fjárhæð greiðslu fyrir verkið fyrir að lágmarki þriggja klukkustunda vinnu vegna útkalls tvo daga í röð, án tillits til raunverulegs vinnuframlags. Að álit nefndarinnar ber álitsbeiðanda að greiða fyrir þjónustu seljanda með hliðsjón af þeirri vinnu sem raunverulega var innt af hendi í samræmi við 28. gr. þkpl.

Við mat á fjárhæð greiðslu fyrir þjónustuna verður að álit nefndarinnar að líta til þeirrar vinnu og þess tíma sem seljandi innti af hendi í þágu verksins að heimili álitsbeiðanda. Að auki ber að taka tillit til þess tíma sem fór í akstur milli staða og við kaup á efni til verksins. Kærufndin álitur að álitsbeiðanda beri hæfilega að greiða fyrir alls fjögurra klukkustunda vinnu dagana 2. og 3. apríl 2019. Seljanda ber í samræmi við framangreint að lækka greiðslukröfu sína sem svarar til tveggja klukkustunda vinnu, alls 22.320 krónur. Álitsbeiðanda ber að greiða seljanda 64.475 krónur fyrir þjónustuna.

VI

Álitsorð

Seljanda, Y, ber að lækka greiðslukröfu sína á hendur álitsbeiðanda, X, um 64.475 krónur. Álitsbeiðanda ber að greiða seljanda alls 64.475 krónur fyrir þá þjónustu sem seljandi innti af hendi 2. og 3. apríl 2019.

Áslaug Árnadóttir
formaður

Jón Rúnar Pálsson

Ívar Halldórsson